

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður



Reykjavík 19. apríl 2017
UST201702-245/K.S.J.
10.04.03

Efni: Fjarðabyggð, tillaga að deiliskipulagi Fólkvangs Neskaupsstaðar

Vísað er til erindis skipulags og byggingarfulltrúa Fjarðabyggðar er barst 21. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Fólkvangs Neskaupsstaðar.

Skipulagssvæðið


Í greinargerð tillögunnar kemur fram að skipulagssvæðið er staðsett utan við þéttbýlið í Norðfirði og er 320,4 ha að stærð. Einnig kemur fram að mörk þess ná yfir friðlýstan Fólkvang Neskaupsstaðar utan við Stóralæk og auk þess nær svæðið yfir 2 ha innan Stóralæks sem er utan Fólkvangs og er skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota og þar er áætlað þjónustusvæði. Að mati Umhverfisstofnunar er til fyrirmyndar að þjónustusvæðið með bílastæðum, áningastað, tjaldsvæði og þjónustuhúsi er áætlað utan Fólkvangsins, og Fólkvangurinn ætlaður til almennrar útiveru og náttúruskoðunar.


Innviðir og mannvirki

Umhverfisstofnun tekur undir markmið um uppbyggingu þjónustuaðstöðu og uppbyggingu á mismunandi göngustígum. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að forðast allt óþarfa rask við framkvæmdir.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur